



6. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 14. ágúst 2014 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Reynir Atli Jónsson, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar Langanesbyggðar nr 5/2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar nr 1/2014**
Lögð fram til kynningar.
Liður 2 ræddur. Ákveðið að fresta afgreiðslu hans þar til þetta hefur verið tekið fyrir í Atvinnu- menningar- og ferðamálanefnd. Samþykkt samhljóða.
Liður 3. Samningurinn var sendur í heild sinni í tölvupósti. Samningurinn borinn undir sveitarstjórn. Samþykktur samhljóða
- 3. Fundargerð Greiðrar leiðar dags. 10. júní 2014**
Lögð fram til kynningar
- 4. Fundarboð framhaldsaðalfundar Greiðrar leiðar ásamt ársreikningi**
Lagt fram til kynningar.
- 5. Erindi vegna skólaaksturs dags. 3. ágúst 2014**
Lagt fram minnisblað dagsett 14. ágúst 2014.
Samkvæmt nógildandi samningi við skólabílstjóra hefur ráðinn skólabílstjóri á akstursleiðinni Bakkafjörður-Þórshöfn forgang á akstri á þeirri leið.
Lagt til að skrifstofustjóri ræði við Hafliða og skólastjórnendur um forsendur minnisblaðsins.
Sveitarstjórn óskar eftir því að fræðslunefnd fjalli um málið og vísar erindinu þangað.
Samþykkt samhljóða.
- 6. Erindi vegna dagheimilis á Þórshöfn dags. 6. ágúst 2014**
Farið yfir erindið og ákveðið að skrifstofustjóri gangi frá samningi við viðkomandi dagforeldri og hafi heimild til að kaupa búnað fyrir dagheimilið fyrir allt að 150 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.
- 7. Erindi frá slökkviliðsstjóra Langanesbyggðar dags. 30. júlí 2014**



LANGANESBYGGÐ

Þórarinn Þórisson slökkviliðsstjóri kynnti erindið. Mjög mikilvægt að fara að endurnýja forgangsbíl. Nýjum sveitarstjóra falið að skoða málið.

8. Átthagamyndir af þéttbýli og dreifbýli Langanesbyggðar

Lagt fram til kynningar.

9. Málþing sveitarfélaga um þjónustu við nýja íbúa af erlendum uppruna 14. nóvember 2014 og ósk um tengilið dags 16. júlí 2014

Sveitarstjóra falið að kynna sér málið betur og upplýsa sveitarstjórn.

10. Leikskóladeild á Bakkafirði

Leikskólamál á Bakkafirði rædd og hvort eigi að opna þar leikskóladeild á ný. Hilma og Heiðrún fóru á Bakkafjörð síðastliðinn mánudag og funduðu með Maríu skólustjóra og skoðuðu aðstæður. Hilma lagði fram minnisblað frá þeim fundi.

Lögð fram tillaga um að opna leikskóladeild á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram, kostnaðargreina og auglýsa eftir leikskólakennara. Samþykkt með 6 atkvæðum. Karl Ásberg sat hjá.

Sveitarstjórn vísar því til fræðslunefndar að móta tillögur á fyrirkomulagi við leikskóladeild á Bakkafirði. Samþykkt samhljóða.

11. Leikskólamál

Beðið er með næstu skref varðandi nýbyggingu þar til nýr sveitarstjóri hefur tekið til starfa en hann mætir 18. ágúst n.k. Leikskólamál rædd almennt. Sveitarstjórn telur mikilvægt að koma öllum börnunum í árgangi 2012 inn í leikskólann ef þess er nokkur kostur.

Sveitarstjórn er sammála um að mikilvægt sé að reyna að vinn hratt að undirbúningi að byggingu nýs leikskóla. Samþykkt með 6. atkvæðum. Reynir Atli sat hjá.

12. Finnafjörður

Lagt til að þessum lið verði frestað fram á næsta fund. Samþykkt samhljóða.

13. Íbúðir aldraðra

Gera þar viðhaldsáætlun fyrir íbúðir aldraðra. Sveitarstjóra falið að skoða það.

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 19:00